

11. gr.

Áfangaskipting framkvæmda.

Þegar lóðarhafa er heimilað að áfangaskipta byggingu, skal hann greiða gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingaleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann óski eftir að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipti heimiluð af bæjarráði, falla gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykta áfangaskiptingu eða samþykktir bæjarstjórnar.

Þegar áfangaskipting er heimiluð skal umsækjandi þinglýsa yfirlýsingu þess efnis á fasteign/lóð vegna hinna ógreiddu og áfangaskiptu gatnagerðargjalda.

12. gr.

Eldri sérsamningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Sérsamningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Mosfellsbæ fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

13. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar skv. lögum um gatnagerðargjöld, nr. 17/1996, og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld, nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ, frá 16. september 1998 með breytingu frá 5. júlí 2001.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

AUGLÝSING**um deiliskipulag Hverfisgata – Hávegur, Siglufirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Siglufjarðar þann 23. september 2004 deiliskipulag fyrir Hverfisgötu – Háveg.

Deiliskipulagið tekur til vegtenginga þar sem gert er ráð fyrir að Hverfisgata (nyrðri) og Hávegur verði tengd með nýrri vegtengingu. Einnig er gerð breyting á tengingu Lindargötu, Suðurgötu og Hverfisgötu (syðri).

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Siglufirði, 25. febrúar 2005.

F.h. bæjarstjórnar Siglufjarðar,

Sigurður Hlökkversson, skipulags- og byggingarfulltrúi.